

386. fundur velferðarráðs 18. nóvember 2020

24. Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúi Flokks fólksins fékk skeyti frá einstaklingi sem hefur þrisvar reynt að ná til einnar þjónustumiðstöðvar vegna mála er varðar heimaþjónustu og heimahjúkrun. Spurt er hvað er velferðarsvið að gera til að tryggja að þjónustumiðstöðvar svari erindum borgarbúa?

Þessi einstaklingur hefur ekki fengið nein viðbrögð og engin svör. Fulltrúi Flokks fólksins vill ítreka tillögu sína til velferðarsviðs um að svara erindum borgarbúa eða í það minnsta láta vita að skeyti er mótttekið og málið í skoðun og að svarað verði innan skamms. Fólk á ekki í neyð sinni að þurfa að hafa samband við borgarfulltrúa til að fá áheyrn velferðarkerfis borgarinnar.